

Stjórnarfundur í félagi sumarhúsaeygenda í Hvammi haldinn þriðjudaginn 05. febrúar, kl. 17:15 á Amokka kaffihúsi. Mættir: Arnar Jónsson, Bárður Sigurgeirsson, Bergþór Þormóðsson, Skúli már Sigurðsson, Svanhildur Skúladóttir og Sveinbjörn Sveinsson.

1. Rætt um aðalfund. Ákvörðun aðalfundar hefur tafist. Venja hefur skapast að aðalfundur sé haldinn að hausti. Í lögum félagsins segir þó að aðalfundur skuli halda fyrir "1. júní ár hvert". Samþykkt er að halda aðalfund 04.04.2013. Kjósa 4 menn í stjórn og 2 varamenn auk skoðunarmanna. Formaður er kjörinn til tveggja ára og verður því kosinn nú.
2. BS kynnti að myndavélar hafa ekki verið settar upp við Öryggishliðin eins og samþykkt aðalfundar 2012 gerir ráð fyrir. Í upphaflegri tillögu var gert ráð fyrir að kostnaði yrði haldið í lágmarki og að félagsmenn hefðu sjálfur umsjón með uppsetningu og búnaði þannig að varðveisla mynda yrði á hendi félagsmanna. BS kynnti að hann hefði skipt um skoðun og teldi nú að uppsetningu, eftirliti og varðveislu væri best fyrir komið hjá fagaðilum. Kynnti hann slíkt tilboð. Fundarmenn tóku undir orð BS og var honum falið að kynna málið á ný á aðalfundi.
3. Vegmyndavélar - verkefni á vegum sveitarfélagsins. Uppsetning hefur tafist vegna þess að ekki er samstaða umstaðsetningar. Málið þó áfram í vinnslu.
4. Frágangur göngustíga. Á eftir að ganga frá nýjustu göngustígum. Einnig vantar merkingar. SMS hefur tekið að sér að ganga frá þessum stígum. Formaður mun ræða við eiganda Hvammsskógs 32 um varanlega lausn á göngustíg sem hefur verið innlimaður í þá lóð.
5. Vatnsveita í Hvammshlíð, Landeigandi hefur sett fram nýja gjaldskrá varðandi vatnsveitu. Vatsgjald er 0.1% af fasteignamati en ekki minna en 18.000 árlega. Ákveðið að funda með landeiganda um þetta mál og mun formaður kalla til þess fundar.
6. Hækkun fasteigangjald um 50%. vitað er um 2 aðila sem hafa spurst fyrir um þetta skriflega. Eftir því sem best er vitað hafa ekki borið svör frá Skorradalshrepp. Sveitastjórn tapaði styrk frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Formaður kynnti að 61 íbúi er nú lögskráður en yfir 600 sumarhús í dalnum. Ef gert er ráð fyrir 4 íbúum í hverjum bústað er um 2400 íbúa. Formenn félaga hafa óskað eftir áheyrnarfulltrúa á sveitarstjórnarfundum. Á samstarfsfundi formanna verður lagt til að sumarhúsaeygendum fái fulltrúa á fundi sveitarstjórnar.
7. Eldvarnir. Formaður kynnti. Lagt til að keyptar verði 2 sinuklöppur (<http://www.skogarbondi.is/eldvarnir/>) fyrir hvert hús. Það verði síðan á ábyrgð sumarhúsaeygenda eða koma klöppunum fyrir á áberandi stað þannig að þær séu aðgengilegar ef um eld er að ræða. Rætt um slökkvivatn ofan vegar. Þyrfti að koma safnvatni fyrir ofan veg. Eldvarnir verða ræddar með fulltrúm slökkviliðs og landeiganda.
8. Lagfæringar á vegum. Eitthvað hefur borið á óánægju með það efni sem notað hefur verið við ofaniburð. Efnið sem notað var reyndist vera mjög leirkennt og þolir ekki vel bleytu. Einnig var efnið stórgrýtt. Verktaki hefur lækkað verða vegna þessa og fjarlægt stærstu steinana. Huga þarf að efnisvali við næstu lagfæringu á vegum.

9. Formaður sagði frá opnum brunni við eystri göngustíginn. Brunnurinn er opinn og hulinn gróðri. Veruleg slysaþætta fylgir þessum brunni. Formaður mun ræða við landeiganda og hlutast til um að brunnurinn verði byrgður.
10. Nágrannavörsla. Fyrrhugað er skv. samþykkt síðasta aðalfundar að koma á nágrannavörslu. Fulltrúi frá Sjóvá mun kynna reynslu Sjóvár á nágrannavörslu í sumarhúsabyggðum og í kjölfarið verður nágrannavörslu komið á.



Bárður Sigurgeirsson